

## FUNDARGERÐ

323. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, Fellabæ, þriðjudaginn 18. apríl 2023 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Hildur Þórisdóttir (HP), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Þorsteinn B. Ragnarsson (ÞBR) og Haddur Áslaugsson (HÁ) sátu fundinn undir liðum 2-4. Fjóra Sigurðardóttir (FS) sat undir lið 5.

Vilhjálmur Jónsson, aldursforseti stjórnar setti fund.

### Dagskrá

---

- 1 Stjórn skiptir með sér verkum
  - 2 Starfsmannamál
  - 3 Verkefnin - yfirferð
  - 4 Fundasalur HEF - uppfærsla
  - 5 Fjárhagur, sjóðstreymi
  - 6 Jarðhitaleit á Búlandsnesi
  - 7 Byggingarnefnd hreinsistöðvar á Melshorni
  - 8 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps
  - 9 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar
  - 10 Jarðhitaleit
  - 11 Fagþing Samorku 2023
  - 12 Önnur mál
    - a. Körfubolti – kynning frá Hetti – útbreiðsla í Múlaþingi
- 

### **1 Stjórn skiptir með sér verkum**

Vilhjálmur Jónsson setur fund og spyr um lögmæti fundar, engar athugasemdir gerðar.

Hann leggur til að Ágústa Björnsdóttir verði formaður stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Vilhjálmur felur Ágústu Björnsdóttir stjórn fundarins.

Tillaga formanns að skiptingu hlutverka eftirfarandi:

Vilhjálmur Jónsson, varaformaður

Ívar Karl Hafliðason, ritari

Samþykkt samhljóða.

## 2 Starfsmannamál

Haddur Áslaugsson hóf störf hjá HEF 13. apríl sl. Stjórn býður Hadd velkominn til starfa.

Glúmur Björnsson er væntanlegur til starfa (tímabundið) í maí.

Umsóknarfrestur eftir auglýsingu um starf verkamanns er til 20. apríl. Framkvæmdastjóri mun klára ráðningu eins fljótt og kostur er.

## 3 Verkefni - yfirferð

ÞBR fer yfir verkefni í framkvæmd og undirbúningi.

### Egilsstaðir og nágrenni:

Melshorn – sniðræsi; verktaki er að ljúka frágangi á lagnaleiðinni frá brennustæði að lóð hreinsistöðvar.

Byrjað verður á endurnýjun Reynivalla að fenginni verkáætlun verktaka og samningsgerð í kjölfarið. Byrja í maí. Viðbótarverk verður lagnavinna í Hamrahlíð.

Votihvammur – verktaki hefur lagt allar okkar lagnir í hverfið. Verklök áformuð 1. maí.

Ferjukíll (við Flugvöll) – Samningur Múlaþings við landeiganda um gatnagerð hefur verið undirritaður.

Vatnsveita inn Velli - útboðsgögn að klárast.

Eiðaveita - bréf til landeiganda og bréf til væntanlegra viðskiptavina fer í dreifingu á allra næstu dögum.

### Seyðisfjörður:

Endurnýjun stofnlagnar – undirbúningsvinna fyrir rörasuðu langt komin. ÞBR stefnir á að semja um jarðvinnu við verktaka líkt og í fyrri áfanga.

Færsla vatnsinntaks í Fjarðará – í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun.

### Djúpivogur:

Fráveitulagnir meðfram Víkurlandi – samstarfsverkefni Múlaþings, Búlandstinds og HEF verður unnið í sumar; framvinda háð hönnun göngustígs og brimvarnar.

Lögn út á Langatanga – skipulag ekki fyrirbyggjandi enn, svar vantar um hvort hefja megi lagnavinnu þó skipulag sé ekki frágengið.

Lenging Borgarlands í undirbúningi.

Fjarvöktun vatnsveitukerfis á teikniborðinu.

Eyjaland – Regnvatnslagnir komnar niður, en gæti þurft að endurleggja við möguleg jarðvegsskipti í götunni. Skólplagnir ekki komnar niður.

### Borgarfjörður eystri:

Heimæðatengingar á nýja stofnlögn – í undirbúningi.

Skoða að halda áfram endurnýjun stofnlagnar alveg upp í tank.

Fráveita frá Blábjörgum – endurnýjun í undirbúningi.

Stjórn leggur áherslu á að forsamráð HEF og Múlaþings á fyrstu stigum skipulagsgerðar, þ.e. við frumvinnslu vinnslutillagna verði komið í fastar skorður.

## 4 Fundasalur HEF - uppfærsla

HÁ kynnir tillögu að breytingu á fundasal félagsins. Málið í vinnslu.

## 5 Fjárhagur, sjóðstreymi

FS kynnrir stöðu vinnu við undirbúning reglulegrar skýrslugerðar úr bókhaldi til stjórnar.

Stjórn lýsir yfir vonbrigðum með stöðu innleiðingar skýrslu- og áætlunargerðarhluta bókhaldskerfisins og leggur áherslu á að þjónustuveitandi standi betur að þjónustu og ráðgjöf við að ljúka innleiðingu kerfisins.

Stjórn felur formanni og framkvæmdarstjóra að skoða möguleika á fjármögnun framkvæmda næstu ára.

## 6 Jarðhitaleit á Búlandsnesi

Prufudælingu úr holunni sem dælt var úr s.l. sumar verður haldið áfram á næstu dögum.

Niðurstöður munu liggja fyrir fyrir lok maímánaðar.

## 7 Byggingarnefnd hreinsistöðvar á Melshorni

Framkvæmdastjóri leggur til að skipuð verði byggingarnefnd hreinsistöðvar á Melshorni.

Fulltrúar úr starfslíði HEF verða Þorsteinn og Jón Kristinn, stjórn skipi 2 fulltrúa, formann stjórnar og Ívar Karl Hafliðason. Varamaður fulltrúa stjórnar verður Hildur Þórisdóttir.

Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á að fá utanaðkomandi fagaðila til setu í nefndinni.

Hönnunarstjóri, sem ráðinn verður fljótlega mun starfa náíð með nefndinni og síðar

byggingarstjóri þegar hann kemur til sögunnar. Framkvæmdastjóri verði nefndinni til stuðnings og situr fundi nefndarinnar þegar þurfa þykir. Laun nefndarmanna, annarra en starfsmanna félagsins og ráðgjafa, 2% af grunni samþykktar um starfskjör kjörinna fulltrúa hjá Múlaþingi, fyrir hvern fund.

Framkvæmdastjóri boðar til fyrsta fundar.

## 8 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – vinna starfshóps

Framkvæmdarstjóri fór lauslega yfir stöðu vinnunnar í hópnum.

Til kynningar.

## 9 UV09 – endurnýjun dælubúnaðar

Unnið er að niðursetningu dælunnar.

## 10 Jarðhitaleit

Farið yfir þær upplýsingar sem fyrir liggja varðandi vakir á Lagarfljóti, utar en þær rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar.

## 11 Fagþing Samorku 2023

All flestir starfsmenn HEF munu sækja tæknidag Samorku og Samorkuþing á Selfossi 3.-5. maí næst komandi.

## 12 Önnur mál

### a. Körfubolti – kynning frá Hetti – útbreiðsla í Múlaþingi

ÁB yfirgaf fundinn undir þessum lið.

Stjórn felur framkvæmdarstjóra að vinna drög að samningi við Körfuboltadeild Hattar skv. umræðum á fundinum.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:50

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2023

_____	_____
_____	_____
_____	_____